



FUNDARGERÐ 482. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 16. júní 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Tjarnargötu 12, 101 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eyðís Guðmundsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Guðfinnur Sigurvinsson, og Orri Hlökkversson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Útboð á flutningi og brennslu á brennanlegum úrgangi

Ari Karlsson lögmaður tekur sæti á fundinum við upphaf fundar og gerir grein fyrir minnisblaði um útboð á flutningi og brennslu á brennanlegum úrgangi.

Umræður í kjölfarið.

Stjórn bókar eftirfarandi í trúnaðarbók: „Stjórn SORPU samþykkir, með fyrirvara um að Stena Recycling AB standist allar kröfur um fjárhagslegt hæfi og önnur skilyrði útboðsgagna að samþykkt verði að ganga að tilboði Stena Recycling AB að gættu því að það standist fjárhagslegt hæfi og önnur skilyrði útboðsins.

Að þeim fyrirvörum afléttum veitir stjórn SORPU framkvæmdastjóra umboð til samningagerðar á grundvelli niðurstöðu útboðs. Málinu er vísað til fundar eigenda til upplýsinga.“

Ari vikur af fundi klukkan 08:02

2. Staða og horfur á urðun í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu og horfum á urðun í Álfsnesi. Aldís Stefánsdóttir vekur athygli á þeim sjónrænu áhrifum sem urðunarstaðurinn hefur í Mosfellsbæ og Grafarvogi og kallar eftir að tryggð verði að sýnileiki þess úrgangs sem er urðaður í Álfsnesi verði lágmarkaður. Lagt hefur verið til að ný urðunarrein verði gerð á norðanverðu Álfsnesi til að lágmarka sjónræn áhrif. SORPA vinnur nú að skógrækt og öðrum aðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum.



3. Staðan á samræmingu og sérsöfnun á höfuðborgarsvæðinu

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 08:13. Ísól gerir grein fyrir stöðu fjögurra flokka tunniverkefnisins. Verkefnið gangi vel, álag á þjónustuver sveitarfélaganna sé farið að róast og hafa fulltrúar sveitarfélaganna orð á hversu vel breytingunum hafi verið tekið.

Dreifingu á tunnum er lokið í Kjós. Búið er að dreifa í yfir 50% heimila í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi og Mosfellsbæ. Dreifing á Seltjarnarnesi tafðist en verður lokið í byrjun júlí. Gert er ráð fyrir að dreifingu ljúki í ofangreindum sveitarfélögum í júlí.

Í Reykjavík er búið að dreifa tunnum til heimila austast í borginni – Kjalarnesi, Grafarvogi, Grafarholti og Úlfarsárdal – í samræmi við áætlanir. Dreifing í Árbæ og Breiðholti hefst í júní. Gert er ráð fyrir að dreifingu ljúki í borginni allri í lok september.

Dreifing á tunnum á Suðurnesjum gengur vel og búið að dreifa í Grindavík, Garði og Sandgerði. Dreifing í Reykjanesbæ sé um það bil hálfnuð.

Ísól vikur af fundi klukkan 08:21.

4. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðarsamlaga

Peter Dalmay tekur sæti á fundinum klukkan 08:25.

Peter gerir grein fyrir minnisblaði um frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga. Af frummatinu má ráða að ESA telji undanþágu á tekjuskattsskyldu byggðarsamlaga sem stunda atvinnurekstur fela í sér ólögmetta ríkisaðstoð af hendi ríkisins til byggðasamlaga. Frumniðurstaðan er þýðingarmikil í yfirstandandi stefnumótun SORPU.

Guðfinnur og Peter vikja af fundi klukkan 08:48

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 27. júní 2023 klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 08:55.